

Samningur

Háskóla Íslands og Háskólans á Akureyri um

Ferðamálastetur Íslands

Háskólinn á Akureyri og Háskóli Íslands gera með sér svofelldan samning um sameiginlegt verkefni undir heitinu Ferðamálastetur Íslands:

Samningsaðilar hafa sameiginlega hagsmuni af því að samnýta aðstöðu og færni hvor annars, efla rannsóknir og menntun, tengsl háskólastarfs og atvinnulífs, og auka þekkingu í greinum tengdum ferðamálum.

Til að ná ofangreindum markmiðum munu Háskóli Íslands og Háskólinn á Akureyri:

1. Starfrækja sameiginlega Ferðamálastetur Íslands, sem er miðstöð rannsókna, fræðslu og samstarfs í greinum sem tengjast ferðamálum, einu nafni ferðamálafræðum.
2. Markmið Ferðamálasturs Íslands eru:
 - a) að efla og samhæfa rannsóknir í ferðamálum á Íslandi;
 - b) að stuðla að samstarfi við innlenda og erlenda rannsóknaraðila á sviði ferðamála;
 - c) að gefa út fræðirit og kynna niðurstöður rannsókna í ferðamálafræðum;
 - d) að veita upplýsingar og ráðgjöf í ferðamálafræðum;
 - e) að gangast fyrir námskeiðum, ráðstefnum og fyrirlestrum í ferðamálafræðum.
3. Rektorar háskólanna tilnefna hvor um sig tvo menn í stjórn samstarfsverkefnisins og tvo til vara til priggja ára í senn. Auk þess óska þeir eftir því að Ferðamálaráð, Samtök ferðaþjónustunnar og Hólaskóli tilnefni hver sinn fulltrúa í stjórnina. Stjórin ræður forstöðumann verkefnisins til priggja ára í senn og setur honum erindisbréf.
4. Stjórin kýs úr sínum hópi formann og varaformann. Formaður boðar stjórnarfundi. Falli atkvæði jöfn á stjórnarfundi, ræður atkvæði formanns. Stjórin ákveður m.a. rannsóknarstefnu Ferðamálastursins og veitir fé til einstakra rannsóknarverkefna.
5. Forstöðumaður hefur umsjón með daglegum rekstri setursins, annast áætlanagerð, hefur yfirumsjón með fjároflun og samræmir fjároflunarleiðir. Forstöðumaður er í starfi sínu ábyrgur gagnvart stjórn. Hann situr stjórnarfundi með tillögurétt en án atkvæðisréttar. Árleg skýrsla verður gerð um samstarfsverkefnið og kynnt háskólaráðum beggja háskólanna og þeim sem tilnefna í stjórnina.
6. Tekjur Ferðamálastursins eru:
 - a) framlög frá hvorum háskóla um sig;
 - b) framlög frá öðrum aðilum;

Háskólinn á Akureyri
Skjalasafn

Mótt.

Fl. 496.11

- c) styrkir til einstakra verkefna;
- d) greiðslur fyrir umbeðin verkefni;
- e) gjafir.

7. Aðsetur Ferðamálastursins verður við Háskólan á Akureyri sem sér því fyrir húsnæði. Árleg áætlun verður gerð um samstarfsverkefnið, þar sem tilgreindir eru helstu kostnaðar- og tekjuliðir. Reikningshald verkefnisins í heild verður fært hjá Háskólanum á Akureyri undir sérstökum lið og skal það vera hluti af heildarreikningi hans.

Samningur þessi er gerður með tilvísun í Samstarfssamning Háskóla Íslands og Háskólans á Akureyri frá 8. nóvember 1996, og öðlast þegar gildi. Hvor aðili um sig getur sagt honum upp eða óskað breytinga á honum með þriggja mánaða fyrirvara.

Samningurinn er gerður í tveimur samhljóða eintökum og varðveitir hvor aðili sitt eintak.


Gert í Reykjavík 4. september 1999

F. h. Háskólans á Akureyri



Þorsteinn Gunnarsson

F.h. Háskóla Íslands



Páll Skúlason

Páll Skúlason rektor